



Reykjavík, 31. ágúst 2026
PON20060042

Til borgarráðs
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Fundargerðir verkefnaráðs ágúst 2026

Hjálögð er fundargerð verkefnaráðs fyrir ágúst 2026 ásamt samantekt fundarins.
Óskað er eftir að hún verði lögð fram í borgarráði.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Óskar J. Sandholt,
sviðsstjóri



Reykjavík



Verkefnaráð

Samantekt funda fyrir borgarráð

20.ágúst 2026



Verkefnaráð 20.ágúst 2026

Fundir eru á tveggja vikna fresti – vörukynningar og verkefnabeiðnir



2 erindi

- 2 kynningar

Fjöldi verkefna í gangi:

39

Verkefnaskrá – Ferlar og verklag (20.08)

- Verkefnaskrárstjórar óska eftir staðfestingu verkefnaráðs á fundardagatali, einföldun fundargerða og breytingum á ferli verkefnaráðs. Markmið breytinganna er að bæta yfirsýn og upplýsingagjöf, einfalda skýrslugerð og draga úr handavinnu starfsfólks.
- **Breytingar samþykktar**

Vörukynningar frá vörustjórum

- Hlaðan – Hrönn Veronika (20.08)



Reykjavík

Verkefnaráð

Fundargerðir: Verkefnaráð 20.08.2026

Verkefnaráðsfundur 20.08.2026	2
1. Hlaðan – kynning.....	3
2. Verkefnaskrá – ferlar og verklag	3

Verkefnaráðsfundur 20.08.2026

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 2026
Dagsetning 20.08.2026	Staðsetning Borgartún 12-14
Mættir: Óskar Sandholt, Þröstur Sigurðsson, Arna Ýr Sævarsdóttir, Ólafur Sólimann Helgason, Harpa Atladóttir, Lára Böðvarsdóttir og Hrönn Veronika Runólfsdóttir.	
Fjarverandi:	
Fundarritari: Harpa Atladóttir	

Fimmtudagur 20. ágúst 2026, kl. 14:30 –15:30, 6. hæð austur, Presthús Borgartún 12-14

14:30 - 14:35 Samstilling

14:35 - 14:55 Hlaðan - kynning

Hrönn Veronika – vörustjóri

14:55 - 15:00 Umræður

15:00 - 15:20 Verkefnaráð – ferlar og verklag

Harpa og Lára – verkefnaskrárstjórar

15:20 - 15:30 Önnur mál

15:30 Fundi slitið

1. Hlaðan – kynning

Vörustjóri Hlöðunnar kynnti verkefnaráði stöðu og stefnu Hlöðunnar. Hlaðan er miðlægt upplýsinga- og skjalastjórnunarkerfi Reykjavíkurborgar sem samræmir verklag, bætir yfirsýn og tryggir að réttar upplýsingar séu varðveittar og aðgengilegar þegar þeirra er þörf. Í kynningunni var farið yfir sex mánaða vegvísi sem felur meðal annars í sér undirbúning að uppfærslu Hlöðunnar, áframhaldandi innleiðingu í leikskólum borgarinnar og hjá starfseiningum velferðarsviðs, þróun Power BI-skýrslna og uppfærslu áhættumats og mats á áhrifum á persónuvernd. Einnig var kynnt aðferð til að auðvelda forgangsgröðun verkefna út frá ábata og áreynslu, ásamt því að meta heilsu vörunnar.

2. Verkefnaskrá – ferlar og verklag

Verkefnaskrárstjórar óska eftir staðfestingu verkefnaráðs á fundardagatali, einföldun fundargerða og breytingum á ferli verkefnaráðs. Jafnframt voru nýjar skýrslur og umbætur í verkefnaskrá þON kynntar fyrir ráðinu. Markmið breytinganna er að bæta yfirsýn og upplýsingagjöf, einfalda skýrslugerð og draga úr handavinnu starfsfólks.

Niðurstaða verkefnaráðs:

Verkefnaráð samþykkir fundardagatal, breytingar á ferli verkefnaráðs og fyrirkomulagi fundargerða.

Nr.	Ákvörðun
1	Breytingar samþykktar

Aftur í efnisyfirlit

Næsti fundur verkefnaráðs verður 3. september 2026.